

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**
Dags: **23.01.2023**
Boðaðir: **Kolbeinn Óttarsson Proppé, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðason, Þorgils Torfi Jónsson**
Fundarmenn: **Allir mættir**
Bréfalykill: **02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi**
Málsnúmer: **MAR22030127**

Efni: 9. fundur - Umhverfissjóður sjókvíaeldis - stjórn 2022-2026

Frásögn af fundi

1. Fundargerð síðasta fundar

Stjórn samþykkti fundargerð 8. fundar

2. Auglýsing fyrir árið 2023 – úthlutunarfjárhæð, tímasetning auglýsingar o.fl.

Starfsmaður upplýsti stjórn um að úthlutunarfjárhæð ársins 2023 séu 188,3 m.kr. Stjórn stefnir á að samþykkja auglýsingu á næsta fundi, þann 6. feb. 2023.

3. Áhersluverkefni sjóðsins fyrir úthlutun ársins 2023

Stjórn ræddi um möguleg áhersluverkefni fyrir árið 2023, sbr. 2. másl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 874/2019 um Umhverfissjóð sjókvíaeldis. Stjórn samþykkti að árhersluverkefni ársins 2023 myndu lúta að kolfefnisspori, orskuskiptum og stroki úr sjókvíaeldi.

4. Endurskoðun á reglum sjóðsins.

Stjórn ræddi um endurskoðun á reglum sjóðsins. Starfsmanni og formanni var falið að vinna að drögum að úthlutunarreglum sem lögð yrðu fram á næsta fundi, þann 6. feb. 2023.

5. Heimasíða sjóðsins – birting á umsóknum, veittum styrkjum, fundargerðum o.fl.

Stjórn ræddi um heimasíðu sjóðsins. Samþykkt var að tiltekið yrði í auglýsingu ársins 2023 að lokaskýrslur yrðu birtar nema sérstaklega yrði óskað eftir öðru og það rökstutt.

6. Lokaskýrslur verkefna

Stjórn samþykkti lokaskýrslu verkefnisins *Fjölbreytileiki botndýra í firði eftir 10 ár.*

Stjórn taldi að lokaskýrsla vegna verkefnisins *Sjókvíar, farhegðun og lúsasmit villtra laxfiska* þarfnist lagfæringa. Starfsmanni sjóðsins var falið að tilkynna styrkþega um það.

7. Önnur mál

Torfi fjallað um launagreiðslur til stjórnarmanna. Stjórn var sammála um að launagreiðslur færu eftir tilnefningar- og skipunarbréfum 2022. Torfi var jafnfram beðinn um taka saman vangreidd laun sín fyrir þann tíma og senda ráðuneytinu.

Næsti fundur boðaður 6. feb. nk. kl. 11:00

Fundi slitið 11:30.

Niðurstaða og ákvarðanir

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

